

Reykjalundur endurhæfing ehf.

7. fundur stjórnar 23. mars 2021 kl. 08.15-10.00 á Reykjalundi í fundarsalnum Grímansfelli.

Boðaðir eru; Anna Stefánsdóttir, Gunnar Ármannsson, Haraldur Sverrisson, Arna Harðardóttir, varamaður og Pétur Magnússon, forstjóri. Fundarritari er Helgi Kristjónsson.

Dagskrá.

1. Fundargerðir stjórnar lagðar fram og samþykktar.

Fundargerðir funda nr. 1 – 6 voru lagðar fram, samþykktar og undirritaðar af stjórn.

2. Helstu verkefni á Reykjalundi.

- Yfirfærsla endurhæfingarstarfseminnar yfir á kennitölu Reykjalundar endurhæfingar ehf.
- Nær allt starfsfólk hefur undirritað og samþykkt staðfestingarbref um að nýr launagreiðandi Reykjalundur endurhæfing ehf. hafi tekið yfir ráðningarsamning viðkomandi starfsmanns.
- Hólfaskipting vegna sóttvarna vegna Covid-19 faraldursins var aflögð 1. mars s.l. og hefðbundin meðferð sjúklinga allan daginn hófst aftur þann 8. mars s.l.
- Starfsfólk 59 ára og yngra fór í fyrri bólusetningu þann 5. mars s.l., áætlað er að seinni bólusetning þessa hóps verði í byrjun júní n.k. Starfsfólk 60 ára og eldra fór í fyrri bólusetningu í síðustu viku og fara í seinni bólusetningu í apríl n.k.
- Reykjalundi hafa borist höfðinglegar gjafir að undanfögnu.
- Meðferðarhlé í endurhæfingarstarfseminni hefur verið ákveðið frá 9. júlí, til þriðjudagsins 3. ágúst 2021 að starfsemin hefst aftur.
- Stytting vinnuvikunnar var tekin upp í febrúarbyrjun fyrir starfsfólk í dagvinnu. Stytting vinnuvikunnar hjá vaktavinnufólki hefst þann 1. maí n.k.
- Fundur lykilstjórnenda á Reykjalundi var haldinn þann 10. mars s.l.
- Ný verkefni hjá Reykjalundi endurhæfingarmiðstöð ehf.
 - Endurhæfing sjúklinga með langvarandi einkenni Covid á Reykjalundi árið 2021.
 - Miðstöð ráðgjafar og endurhæfingar vegna langvinnra afleiðinga Covid19.
 - Súrefnisþjónusta á Reykjalundi.
 - Þjónusta við fólk með offitusjúkdóma.

3. Fundur formanns og forstjóra með SÍBS.

Anna Stefánsdóttir og Pétur Magnússon áttu góðan fund í febrúar með formanni, varaformanni og framkvæmdastjóra SÍBS um framtíð húsnæðis og lóðamála á Reykjalundi.

4. Aðalfundur Reykjalundar endurhæfingar ehf.

Stefnt er að því að halda aðalfund Reykjalundar endurhæfingar ehf. þann 26. maí 2021 kl. 14.00.

5. Starfsemin á Þjónustu- og ráðgjafarsviði.

Óskar Jón Helgason framkvæmdastjóri þjónustu- og ráðgjafarsviðs kynnir starfsemi sviðsins.

6. Önnur mál

- a. Umræður um kosningu stjórnar.

Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 20. apríl 2021.